



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Ómar Einarsson
sviðsstjóri
Íþróttá- og tómstundasvið

Reykjavík, 22. desember 2020
VEL2019030016

Efni: Ábendingar vegna gjaldskrármála í tengslum við aðgerðaráætlun stýrihóps um aðgerðir gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra.

Á fundi velferðarráðs 2. desember 2020 var aðgerðaráætlun starfshóps um aðgerðir gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra lögð fram og samþykkt. Sjá skýrslu starfshópsins í fylgiskjali. Á grundvelli vinnu sinnar setti hópurinn fram eftirfarandi ábendingar til íþróttá- og tómstundasviðs vegna gjaldskrármála sem hér er komið á framfæri:

- Í bréfi Velferðarvaktarinnar dags. 3. september 2019 kemur fram að tómstundastarf barna geti verið þungur baggi fyrir mörg heimili og kostnaðurinn geti valdið því að börn tekjulágra taki síður þátt í slíku starfi. Lagt er til að skoðuð verði aukin niðurgreiðsla á íþróttá- og tómstundastarfi til þeirra sem uppfylla ákveðin skilyrði. Best væri ef slík lausn yrði rafræn og umsóknarferli einfalt og skýrt. Hópurinn leggur til að slíkt verði skoðað í tengslum við frístundakortið hjá borginni.
- Í tengslum við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um íþróttá- og tómstundastyrki til lágtekjuheimila vegna COVID-19 eru í gangi viðræður við félagsmálaráðuneytið og island.is um rafrænt kerfi til að greiða fyrir afgreiðslu styrkjanna. Í drögum um stefnu um barnvænt Ísland kemur fram að markmið stefnunnar er að innleiða verklag og ferla sem tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna og ungmenna innan stjórnáslunnar, auka samstarf milli opinberra aðila, með farsæld og velferð barna að leiðarljósi, tryggja markvisst verklag við hagsmunamat út frá réttindum barna og heildstæða innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Huga þarf að því hvort það verkefni sem nú er í gangi um notkun rafræns kerfis mætti nýta í aðrar lausnir til að greiða fyrir þjónustu á milli kerfa.

Virðingarfyllt

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Hjálagt:

Aðgerðaráætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra